



Fundargerð

16. fundur í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundurinn var fjarfundur og var haldinn miðvikudaginn 15. mars 2020, kl. 15:30.

Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Bergþóra Birgisdóttir og Ingi Ragnarsson.

Einnig sátu fundinn Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi og Gauti Jóhannesson sveitarstjóri.

Fundurinn var stöðufundur vegna þeirra aðstæðna sem upp eru komnar vegna COVID-19. Á fundinn mættu: Ásdís Heiðdal fyrir Kjörbúðina, Elís Grétarsson fyrir Búlandstind, Þórir Stefánsson fyrir Hótel Framtíð, Rán Freysdóttir frá Við Voginn, Berglind Häsler fyrir Havarí auk þess að Bergþóra fór yfir stöðuna í Löngubúð og Ingi fyrir Bragðavelli.

Gauti stjórnaði fundi og Þorbjörg ritaði fundargerð.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Staðan í atvinnumálum í COVID-19

Hópurinn var sammála um að óvissan er mikil í þeirra fyrirtækjum. Búið er að minnka opnunartíma víða og margt starfsfólk komið í minna starfshlutfall. Allir voru sammála að erfitt er að skipuleggja sumarið og ráða inn starfsfólk sérstaklega í ferðaþjónustunni. Í Búlandstindi vonast menn til að geta haldið áfram sinni uppbyggingu án mikilla breytinga. Í Kjörbúðinni hefur gengið vel þrátt fyrir að erfiðara sé að fá ákveðnar vörur sendar s.s. grænmeti og hreinlætisvörur. Fulltrúar í ferðaþjónustunni eru sammála um að þrátt fyrir að staðan sé mjög óljós fyrir komandi sumar þá sé ekkert annað í stöðunni en að horfa fram á veginn og skoða nýjar leiðir, möguleika og nýta okkar sérstöðu í næstu verkefnum. Fundurinn var upplýsandi og gagnlegur og nefndin leggur áherslu á að við stöndum saman í þessu verkefni og hvetur fólk til að nýta sér fjarfundi, ræða málin og finna lausnir. Nefndin er tilbúin til aðstoða eins og hún getur við að koma á samtali milli hópa.

Atvinnu- og menningarmálanefnd leggur áherslu á að þessi fundur er haldinn með þeim aðilum sem hafa á síðustu árum ráðið inn sumarstarfsfólk og sér fram á breytingu þar. Sveitarfélagið er að skoða möguleika á að fjölga sumarstörfum til að mæta þessu. Nefndarmenn ásamt atvinnu- og menningarmálafulltrúa munu á næstu dögum hafa samband við fleiri aðila sem sinna atvinnu- og menningartengdum verkefnum með það að markmiði að kortleggja stöðuna í okkar sveitarfélagi.

Nefndin hefur fengið ábendingar um að nú væri gaman að virkja heimasíðu sveitarfélagsins og samfélagsmiðla t.d. með gömlum myndum, tónlistaratriðum og fleira. Við hvetjum þá sem hafa góðar hugmyndir að skemmtilegum viðburðum sem við getum komið í framkvæmd í samkomubanni að hafa samband.

amfulltrui@djupivogur.is

obba@djupivogur.is

bella@djupivogur.is

diddi@djupivogur.is

bergthora@djupivogur.is

fossardalur@simnet.is

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30